

Rangárþing eystra
Austurvegur 4
860 HVOLSVÖLLUR

Garðabær, 10. janúar 2024
Málsnúmer: 202312-0028
BK

Efni: Brekkur – Breyting á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 20. desember 2023, þar sem Rangárþing eystra óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi vegna Brekkna. Um er að ræða breytingu á 70 ha. svæði úr landbúnaðarlandi þar sem 15 ha. verða verslun og þjónusta og 37 ha. íbúðarbyggð.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér lýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Suðurlandsundirlendið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, meðal annars vegna mikils þéttleika vaðfugla sem flestar teljast til ábyrgðartegunda Íslands. Flóðslétta Fljótshlíðar er þar engin undantekning og fóstrar mikið fuglalíf. Má þar sérstaklega nefna spóa en búsvæði af þessu tagi eru kjörlendi hans hér á landi með einhvern mesta þéttleika sem þekktist í heiminum. Þéttleiki margra annarra vaðfugla er einnig hár og þá er kjói mjög algengur á svæðinu en hann er á valista sem tegund í hættu.

Þessum búsvæðum er víða ógnað, s.s. vegna skógræktar og framrásar lúpínu og nú á seinni árum einnig vegna uppbyggingar frístundabyggða og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að vernda sem stærst, samfelld svæði fyrir raski og uppbroti (e. fragmentation) og reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu.

Skipulagssvæðið sem hér um ræðir samanstendur að mestu af túnnum sem bera mismikil merki nýtingar og virðast sum þeirra enn vera nokkuð blaut. Syðst eru svo hálfgrónar áreyrar þar sem finna má áður nefnt kjörlendi spóa.

Þrátt fyrir rask má vænta þess að þéttleiki vaðfugla á svæðinu sé hár. Til þess að draga úr uppbroti og tapi á búsvæðum vaðfugla vill Náttúrufræðistofnun hvetja til þess að fyrirhuguð uppbygging verði innan afmarkaðs hluta skipulagssvæðisins fremur en dreifð um það allt og að forðast verði rask á því votlendi sem enn er til staðar.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

